



Sáttmáli Samtaka leikjaframleiðenda, IGI, Rafípróttasamtaka Íslands, RÍSÍ, og GameMakersIceland, GMI, um örugga vinnustaði

Yfirlýsing

IGI, RÍSÍ og GMI, hér eftir samtökin, telja að líkamlegt, andlegt og kynferðislegt öryggi séu grundvallarréttindi fyrir alla aðila sem starfa innan íslenska leikjaiðnaðarins, við formlegt rafípróttastarf og í tengdri félagastarfsemi.

Samtökin líða ekki einelti, kynferðislega eða kynbundna áreitni eða ofbeldi af neinu tagi og munu markvisst vinna að því að koma í veg fyrir slíka óæskilega hegðun, grípa til aðgerða til að stöðva hana og koma í veg fyrir að hún endurtaki sig auk þess að styðja við þolendur.

Samtökin telja að stjórnendur og leiðtogar innan sinna raða séu í lykilstöðu til að móta uppbyggilega menningu og góða ásýnd leikjaiðnaðarins á Íslandi. Öruggt starfsumhverfi verður einungis búið til með því að þeir vinni í anda sáttmálans og með því að þeir sýni faglegt viðmót sem einkennist af tillitsemi, kurteisi, virðingu og umburðarlyndi.

Stefna

Það er stefna aðila að samkomulagi þessu að skapa starfsumhverfi fyrir tölvuleikjaiðnaðinn á Íslandi, þar sem starfsfólk og iðkendur njóta virðingar og öryggis án tillits til kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, fötlunar, trúarbragða, hörundslitar, þjóðernis, aldurs eða búsetu eða annarra þeirra þátta sem alla jafna greina fólk að.

Það er stefna samtakanna að fyrirtæki innan sinna vébanda:

- Móti eigin stefnu gegn einelti, ofbeldi eða kynferðislegri áreitni á vinnustað
- Geri aðgerðaráætlun til koma í veg fyrir slíka hegðun
- Móti sér sanngjarnar málsmeðferðarreglur til að fylgja ef slík mál koma upp
- Styðji við þolendur

Skilgreiningar

Þegar talað er um óæskilega hegðun er m.a. átt við:

- Kynferðisleg áreitni og ofbeldi
- Kynbundin áreitni og ofbeldi
- Hótanir og einelti
- Ógnun, þöggun og smánun

- Niðrandi og/eða kaldhæðnisleg orðræða

Birtingamyndir ósækilegrar hegðunar geta m.a. verið:

- Líkamlegar – t.d. óvelkomin snerting
- Orðbundnar – t.d. tala niður til ákveðins kyns
- Hegðunartengdar – t.d. stöður, augngotur og látbragð
- Rafrænar – t.d. móðgandi og særandi athugasemdir eða myndbirtingar á samfélagsmiðlum eða á rafrænu formi

Skuldbinding:

Tölvuleikjafyrirtæki innan vébanda IGI, RÍSí, GMI og aðildarfélög þess og aðrir hagsmunaaðilar innan tölvuleikjaiðnaðarins á Íslandi skuldbinda sig, með undirritun sáttmálans, til þess að vinna gegn einelti og ofbeldi á vinnustað og að líða ekki áreitni eða mismunum af neinu tagi.

Það verður gert með því að:

1. Tryggja starfsfólki heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi.
2. Hafa mannréttindi, virðingu og nærgætni í heiðri í öllum samskiptum á vinnustað.
3. Miðla stefnu um að óæskileg hegðun verði ekki liðin á vinnustaðnum hver sem á í hlut, stjórnendur eða starfsmenn.
4. Þjálfra stjórnendur í því að taka rétt á málum.
5. Mismuna hvorki né hvetja til fordóma á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, hörundslitar, aldurs eða búsetu eða annarra þeirra þátta sem alla jafna greina fólk að.
6. Koma fram við alla af virðingu en leiðréttu athafnir eða hegðun starfsmanna og stjórnenda sem grafa undan öryggi, virðingu og jákvæðri menningu á vinnustað.
7. Tryggja þeim starfsmönnum sem eru þolendur ofbeldis, misréttis, ósækilegrar eða meiðandi hegðunar af hverju tagi sem er, leið til að tilkynna málið til yfirmanns, mannauðsstjóra, trúnaðarmanns eða fulltrúa stétterfélags.
8. Bregðast fljótt við tilkynningum um óæskilega hegðun og taka á málum sem upp koma.
9. Styðja við og hlusta á þolendur og vinna fljótt og vel í þeirra málum í samráði við þá sjálfa.
10. Veita geranda kost á að meta með gagnrýnum hætti hegðun sína og gefa tækifæri til að koma sinni upplifun á framfæri.
11. Gera vitnum af ósækilegri hegðun ljóst að með aðgerðarleysi festi þeir óæskilega hegðun í sessi.
12. Sýna gerendum að slík hegðun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá.

Málsmeðferð

Komi til kvörtunar vegna ofbeldis, eineltis eða áreitni eða mismununar af einhverju tagi skal vinnuveitandi:

1. Safna skal saman upplýsingum eins fljótt og auðið er.
2. Ræða einslega við þolanda, geranda og vitni, þar sem aðilar skulu eiga kost á að koma skoðun sinni og upplifun á framfæri.
3. Grípa til viðeigandi ráðstafana og ef þörf krefur óska eftir utanaðkomandi aðstoð.

Viðburðir:

Innan leikjaiðnaðarins á Íslandi eru haldnir ýmsir viðburðir árlega, ráðstefnur, námskeið, keppnir ofl. Allir sem skipuleggja viðburði tengda samtökunum skulu kynna sér sáttmála þennan og halda í heiðri. Komi upp atvik á viðburði geta hlutaðeigandi aðilar tilkynnt til skipuleggjanda viðburðar, sem ber að bregðast fljótt og örugglega við.

Sáttmála þessum er ætlað að taka til samskipta á vinnustað, á viðburðum tengdum leikjaiðnaðinum auk hvers kyns námskeiða og ráðstefna eða annarra viðburða tengdum leikjaiðnaði á Íslandi.

Með undirritun þessa sáttmála skuldbinda IGI og öll aðildarfyrirtæki þess, RÍSÍ, GMI og aðrir hagsmunaaðilar innan tölvuleikjaiðnaðarins sig til þess að vinna að þessum sáttmála gegn ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum sínum, og að líða aldrei slíka óæskilega hegðun né mismunun af neinu tagi.

Reykjavík, 16. september 2021

F.h. Samtaka leikjaframleiðenda, IGI

Þorgeir F. Óðinsson, formaður

F.h. Rafíþróttasamtaka Íslands, RÍSÍ

Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður

F.h. Game Makers Iceland, GMI

Alexandra Diljá Bjargardóttir, co-founder